



Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum jarðgangnagerðar í Skógum, Fnjóskárdal



Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga
2006/58



© Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2006/58

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
MYNDASKRÁ	2
INNGANGUR	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	5
JARÐANÚMER	5
TEGUND, HLUTVERK OG HEITI	5
STAÐHÆTTIR OG LÝSING	5
SAGA JARÐANNA OG FORNLEIFAR	5
HNITSETNING Á KORT	5
HELSTU MINJAFLOKKAR	6
MINJAR Í TÚNI	6
MINJAR Í EÐA VIÐ TÚN.....	6
MINJAR UTAN TÚNS	7
VIÐ SJÓ/VÖTN.....	8
SAGA	10
FORNLEIFASKRÁ	12
SAMANTEKT	26
NIÐURLAG	30
HEIMILDASKRÁ	31
VIÐAUKI 1	32
FYLGISKJÖL	36

Myndaskrá

1. MYND. BÆRINN SKÓGAR. LJÓSM. GZ.	12
2. MYND. VARÐA OG STEINARÖÐ. LJÓSM. GZ.	20
3. MYND. STÆRSTA VARÐAN. LJÓSM. GZ.	21
4. MYND. VÖRÐUHRÚGALD. LJÓSM. GZ.	22
5. MYND. VÖRÐUHRÚGALD. LJÓSM. GZ.	22
6. MYND. KOLAGRÖF SKRÁÐ. LJÓSM. GZ.	23
7. MYND. REIÐGÖTUR. LJÓSM. GZ.	24
1.TAFLA. MINJAR SEM SKRÁÐAR VORU Á VETTVANGI 2006.	27

Inngangur

Vegna fyrirhugaðrar jarðgangnagerðar undir Vaðlaheiði milli Svalbarðsstrandar í Svalbarðsstrandahreppi og Fnjóskadals í Þingeyjarsveit og vegaframkvæmda því tengdu var gerð vettvangsskráning á jörðinni Skógum í Hálshreppi, að beiðni Greiðrar leiðar ehf. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við mat á umhverfisáhrifum og var Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga falin framkvæmd verksins.

Skráning á vettvangi fór fram 8. ágúst 2006, en þá var umhverfi gangnamunnans skráð og minjar hnitsettar og teiknaðar upp. Skv. viðauka iii við lög um umhverfisáhrif frá 2000 (nr. 106) voru skráðar allar minjar innan 100m frá áhrifasvæði framkvæmdanna eins og það er sýnt í gögnum frá framkvæmdaaðila.

Um undirbúning, vettvangsvinnu og skýrslugerð sáu Bryndís Zoëga landfræðingur og Guðný Zoëga fornleifafræðingur.

Eiganda jarðarinnar Skóga er þakkað góðfúslegt leyfi til þess skrá jörðina. Einnig fá heimildamenn okkar þau Svava Hermannsdóttir fyrrum ábúandi og Sigurður Indriðason, sem ólst upp á Skógum, sérstakar þakkir fyrir aðstoðina.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknnum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með

tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað.

Þjörgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Helstu heimildir eru kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunninn Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Skógar 153331, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 78 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði Skóga væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Skógar 153331 78 - 1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá því hvað heimildir segja um staðhætti og lýsingu á minjum. Þar er einnig eiginleg lýsing á legu minjanna eftir vettvangsferð.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar.

Hnitsetning á kort

Minjar voru hnitsettar með Trimble PRO XR GPS staðsetningartæki. Allir punktar eru teknir í ísnetshnitum ISN93. Úrvinnsla korta fór fram í ESRI ArcMap 9.1.

¹ Johnsen, J. 1847

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náttuga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík nema að fenginni sérstakri undanþágu.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfestar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Náthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan náthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir

nóttina, en sleppt til ánnu á daginn. Náttugarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnáms tíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fódra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjæiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrðar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Saga

Skóga er fyrst getið í heimildum frá 1454 er sr. Jón Pálsson lét jörðina Reyki í Ólafsfirði í skiptum fyrir Skóga í Fnjóskadal (þar skrifað Hnjóskadalur).² Árið 1468 er jörðin komin í eigu Einars ábóta á Munkaþverá sem lét hana, ásamt fleirum í skiptum fyrir aðrar jarðir.³ Hún var í eigu klausturshaldarans Sveins Torfasonar á Munkaþverá 1709.⁴

Bærinn í Skógum brann í nóvember 1908, stóð hann nokkru ofar en núverandi bær sem reistur var sama ár.⁵

Skógar voru í eigu Hálshrepps um tíma en var seld Þorsteini Indriðasyni árið 1974, nema efri hæð íbúðarhússins sem notuð var sem fundaraðstaða.⁶ Íbúðar- og samkomuhús var reist þar árið 1908 og byggt við það 1950.⁷

Á Skógum var rekinn heimavistarskóli til ársins 1972, þar var þingstaður, símstöð sem lögð var niður 1978 og póstaðgreiðsla, lögð niður 1984.⁸

Náttúrufar og jarðabætur

Jörðin var metin á 20 hundruð árið 1560 sbr. skiptabréf sem gert var á Hólum 2. september 1560, á eignum Þorleifs Grímssonar þáverandi eiganda og Gríms sonar hans.⁹ Sama jarðamat er að finna í jarðabók Árna og Páls 1709¹⁰ og í jarðatali Johnsen frá 1847, þá var landskuld 1 hundrað og kúgildi 3.¹¹ Í jarðabók Árna og Páls er jörðinni lýst svo: „Útigangur sem áður segir um Nes. Skógur til raftviðar bjarglegur og til kolagjörðar og eldiviðar nægur, brúkast til heystyrks og annara búsnauðsynja. Torfrista og stúnga lök. Grastekja ut supra.

Svalbarðskirkja og Stóra Eyrarland eiga hjer skógarhögg.

Engið er smáfengið innan um skóginn. Úthagarnir eru nægir”.¹² „Þótti jörðin mjög rýr, eftir að skógur þvarr, þar til tún fóru að stækka. Ræktanlegt land er fremur lítið en sauðland allmikið og gott til heiðarinnar”.¹³

Landamerki

„Að norðan, þar sem Nesland tekur við, ræður Bræðragil frá Fnjóská upp á Ása og þaðan eftir Bræðragilslæk upp á brún, þaðan beina stefnu í næsta læk beint út undan þremur steinum framan í miðbrún og þaðan beint vestur í vörðulínu, er ræður merkjum á heiðinni.

² Fornbréfasafn Íslands V, 119.

³ Fornbréfasafn Íslands V, 533.

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalin (11. bindi), 78.

⁵ Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2. , bls 432-438.

⁶ Byggðir og bú Suður-Þingeyinga, 141.

⁷ <http://fasteignamat.is/?pageid=313&function=fasteign&MIval=uppflFast&fastnum=0&heinum=1063927>.

⁸ Byggðir og bú Suður-Þingeyinga, 141.

⁹ Fornbréfasafn Íslands XIII, 521.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalin (11. bindi), 78.

¹¹ Jarðatal Johnsen, 319.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalin (11. bindi), 79.

¹³ Byggðir og bú Suður-Þingeyinga, 141.

Að sunnan, þar sem Hróastaðaland tekur við: Úr Fnjóská eftir svonefndri Merkjaþróf upp fyrir Efrigötur, og þaðan sem hún skiftist í tvo arma, beint í dý, er kallast Saurkelda og liggur skammt fyrir ofan Efrigötur, þaðan beina stefnu í ytri barm Syðstulágar (Syðsta-Selsgilsdrags), þaðan í áðurnefnda vörðulínu.

Að austan ræður Fnjóská.

Espihóli, 16. júní 1884 Jón Sigfússon”.¹⁴

¹⁴ Landamerkjaskrá nr. 152 fyrir Skóga í Hálshreppi. Undirrituð 16. júní 1884. Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. júní 1887

Fornleifaskrá



1. mynd. Bærinn Skógar. Ljós. GZ.

Skógar 153331-78-1

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: A: 549769,296 N: 581468,263

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Heimildamaður: Svava Hermannsdóttir og Sigurður Indriðason

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn stendur í brekkurótum, og melar eru frá bæ niður að ánni. Þegar bænum hefur verið gefið nafn, hlýtur þetta allt að hafa verið skógi vaxið, sem nú er blásin auðn” (ÖAG, 1). Í bókinni Byggðir og bú Suður-Þingeyinga segir: „Bærinn stendur í Brekkurótum og var þjóðleið þar um tún” (BBSÞ, 141). Í Áin niðar eftir Jón Kr. Kristjánsson segir: „Skógarbreiða og Skógarferja voru sunnarlega fyrir Skógarnesi, undirlendisræmu við Fnjóská út og niður frá Skógabæ, sem þá stóð nokkru ofar í túni en nú. Þar var lögferja, hin eina í dalnum. Má enn greina skásneiðinga upp brattan malarbakkann austan árinna bæði frá ferjustað og vaði” (JKK, 146). Núverandi íbúðarhús var reist árið 1908 samkvæmt Fasteignamati (Heimasíða Fasteignamats Ríkisins). Mánudaginn 2. nóvember 1908 brann bærinn á

Skógum. Í frásögn ábúanda af brunanum kemur fram að fjós og fjóshlaða hafi verið áföst bænum en tekist hafi að verja þau eldi (HRP 39-2, 432-438).

Lýsing

Aðeins ein heimild getur þess að bærinn hafi ekki alltaf staðið þar sem hann er nú. Ekki þekktu heimildamenn til nákvæmrar staðsetningar gamla bæjarins en í brekkunni ofan við bæinn, um 40 m vestur af hlöðunni er nokkuð svæði, vel gróið og í því veggjalög. Bærinn brann árið 1908 og hefur þá verið fluttur þar sem íbúðarhúsið stendur í dag en það var reist árið sama ár.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Helgi Jónasson ofl. (1986). *Byggðir og Bú Suður-Þingeyinga 1985*. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.

Jón Kr. Kristjánsson (1982). *Áin niðar: vöð og ferjur yfir Fnjóská*. Í Árbók Þingeyinga, bls. 131-151.

Fasteignamat Ríkisins. Skoðað 18. desember 2006.

<http://fasteignamat.is/?pageid=313&function=fasteign&MIval=uppflFast&fastnum=0&heinum=1063927>.

Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2, bls. 432-438.

Skógar 153331-78-2

Hlutverk: Bæjarhóll?

Tegund: Garðlag, mishæðir

Staðsetning: A: 549646,015 N: 581468,028

Ástand: Lélegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Heimildamaður: Svava Hermannsdóttir

Staðhættir

Í bókinni Áin niðar eftir Jón Kr. Kristjánsson segir: „Skógarbreiða og Skógarferja voru sunnarlega fyrir Skógarnesi, undirlendisræmu við Fnjóská út og niður frá Skógabæ, sem þá stóð nokkru ofar í túni en nú. Þar var lögferja, hin eina í dalnum. Má enn greina skásneiðinga upp brattan malarbakkann austan árinna bæði frá ferjustað og vaði” (JKK, 146). Núverandi íbúðarhús var reist árið 1908 samkvæmt Fasteignamati (Heimasíða Fasteignamats Ríkisins). Mánudaginn 2. nóvember 1908 brann bærinn á Skógum. Í frásögn ábúanda af brunanum kemur fram að fjós og fjóshlaða hafi verið áföst bænum en tekist hafi að verja þau eldi (HRP 39-2, 432-438).

Lýsing

Um 100 m vestur (ofan við) af íbúðarhúsinu og um 40 m vestur af fjárhúsi/hlöðu er um 20x15m slétt og mjög gróið svæði, sem sker sig nokkuð úr umhverfinu vegna gróðurfars. Gamli bærinn mun hafa staðið ofar í túninu en núverandi hús en nákvæm staðsetning gamla bæjarins er ekki kunn. Það má því ætla að hinn eiginlegi bæjarhóll sé á þessum stað.

Nánari lýsing

Á loftmynd má greina mishæðir á þessu svæði og á vettvangi var svæðið mishæðótt en einungis eitt veggjabrot greinanlegt. Það lá nálega austur-vestur, um 10 m langt og allt að 2ja m breitt.

Heimildaskrá

Jón Kr. Kristjánsson (1982). *Áin niðar: vöð og ferjur yfir Fnjóská*. Í Árbók Þingeyinga, bls. 131-151.

<http://fasteignamat.is/?pageid=313&function=fasteign&Mlval=uppflFast&fastnum=0&heinum=1063927>.

Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2, bls. 432-438.

Skógar 153331-78-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Svava Hermannsdóttir og Sigurður Indriðason

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús framan (sunnan) við núverandi íbúðarhús, austan megin heimreiðar.

Lýsing

Samkvæmt heimildamönnum var fjósið áður sunnan við bæinn, þar sem nú er trjagarður, það voru torfhús. Síðar var byggt við bæinn og inngangur fluttur norður fyrir hús. Fjósið var þá steipt austan við íbúðarhúsið og var sambyggt, haughús var undir fjósinu sem var fyrir um 4 kúr. Var braggi fyrir hey þar austan við. Innan við tíu ár eru síðan húsin voru rifin.

Heimildaskrá

Túnakort Skóga í Hálshreppi (1918). Þjóðskjalasafn Íslands.

Skógar 153331-78-4

Sérheiti: Hólshús?

Hlutverk: Fjánhús, hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 549707,844

N: 581472,024

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Svava Hermannsdóttir og Sigurður Indriðason

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá fjánhús um 40 m vestur af bænum. Í úttekt á Skógum frá 1892 segir: „Hólshús niður á velli” næst er getið hesthúss sem líklega var sambyggt (Úttektabók Hálshrepps, 237) en samkvæmt heimildamanni voru fjánhúsin og hesthús sambyggt.

Lýsing


Um 40 m vestur af bænum er stálgrindarhús, áburðarkjallari og hlaða alls 320m³. Á ljósmynd í Byggðum og búum Suður-Þingeyinga frá 1985 má sjá fjánhús úr torfi og járninu sunnan við stálgrindarhúsið (BBSÞ, 141). Þar er nú slétt tún og sér þess hvergi merki. Samkvæmt Sigurði var hesthús sambyggt fjánhúsunum.

Heimildaskrá

Túnakort Skóga í Hálshreppi (1918). Þjóðskjalasafn Íslands.

Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-4, bls. 432-438.

Skógar 153331-78-5



Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 549602,608 N: 581549,365

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Er á fyrirhugðu framkvæmdasvæði

Heimildamaður: Svava Hermannsdóttir og

Sigurður Indriðason

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús í jaðri túnsins um 160 m frá bænum. Um 165 m norðvestur af bænum eru tóftir fjárhúss. Í úttekt á Skógum frá 1892 segir: „Lambhús út á velli” (Úttektabók Suður-Þingeyjarsýslu, 237). Líklegt getur talist, miðað við lýsingu, að Lambhúsin hafi verið þar

sem síðar urðu útihús Sigurðar Helgasonar.

Lýsing

Tóftin er tvöföld, fjárhús með hlöðu, hún liggur norðaustur/suðvestur. Tóftin er um 12 m löng og um 7 m á breidd að utanmáli, dyr eru til norðausturs. Mikill gróður var í tóftinni og erfitt að greina nákvæmlega veggjalög, þó sá í grjóti í vegggleðslum. Hæð veggja er um 2 m og breidd um þrír þar sem þeir eru breiðastir. Sigurður Indriðason segir að hús þessi hafi verið í eigu Sigurðar Helgasonar sem var lausamaður á Skógum, hafði hann þar bæði fé og hesta.

Heimildaskrá

Túnakort Skóga í Hálshreppi (1918). Þjóðskjalasafn Íslands.

Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-4, bls. 432-438.

Skógar 153331-78-6

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Sigurður Indriðason

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 liggur heimreið til suðurs frá bænum.


Lýsing

Samkvæmt túnakorti mun heimreiðin áður hafa legið til suðurs eða suðvesturs frá núverandi bæjarstæði en þar er nú garður sunnan við húsið og sunnan þess slétt tún, sér þó móta fyrir heimreiðinni á loftmynd. Segir Sigurður að heimreiðin hafi verið til norðurs þegar hann man eftir sér í Skógum um 1934 en hún mun hafa verið færð þegar að vegurinn yfir Vaðlaheiði var lagður, norðan við Skóga.

Heimildaskrá

Túnakort Skóga í Hálshreppi (1918). Þjóðskjalasafn Íslands.

Skógar 153331-78-7



Staðhættir

Tæplega 100 m suðvestur af bænum, á norðurbakka bæjarlækjarins eru tóftir og segir heimildamaður að hann muni ekki eftir öðru en að þar hafi verið kartöflugeymsla, grafin ofan í hólninn.

Lýsing

Tóftin stendur á nokkurri upphækkun og virðist í heild um 6x9 m að ummáli, en afar óljós og eingöngu eru greinilegir veggir í suðvesturhorni, þar sem innanmál er um 1x3 m. Hæð veggja er um 70 sm og breidd þeirra 50 sm. Hugsanlegt er að einhver mannvirki hafi verið á hólnum eldri en kartöflugeymslan.

Skógar 153331-78-8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 549648,751 N: 581389,980

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði


Staðhættir

Tæplega 130 m suðvestur af bænum, við suðvesturhorn áður skráðrar tóftar (153331-78-16) er túngarður.

Lýsing

Garðurinn er um 50 m langur og liggur í boga frá áður skráðri tóft (153331 78-7) í austri, til norðvesturs. Tæpum 40 m norðvestan við er annar hluti garðsins um 6 m á lengd (549627,429/581419,691).

Skógar 153331-78-9



Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 549617,565 N: 581454,301
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Tæplega 140 m vestur af íbúðarhúsinu á Skógum, í brekkunni ofan gamla bæjarhólsins er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin, hún er 2x2 m að innanmáli og eru dyr mót austri. Breidd veggja er mest um 60 sm og eru þeir breiðastir mót vestri, þeirri hlið sem snýr upp í brekkuna. Hæð veggja er um 45 sm, hlutverk er óþekkt.

Skógar 153331-78-10

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hugsanlega mannvistarleifar
Staðsetning: A: 549597,348 N: 581456,669
Ástand: Horfið

Staðhættir

Tæplega 160 m vestur af íbúðarhúsinu á Skógum, í brekkunni ofan gamla bæjarhólsins er sléttur bali og sker gróður þar sig nokkuð úr umhverfi.

Lýsing

Hugsanlegt er að þarna hafi áður staðið mannvirki en engin veggjalög eru greinileg. Svæðið er um 6-8 m að ummáli. Mögulegt er að þarna hafi staðið fjárhús Jónasar Geirs Lútherssonar (sjá 153331 78-24).

Skógar 153331-78-11

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: A: 549635,408 N: 581437,495

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Rúma 120 m vestur af íbúðarhúsinu, í brekkunni ofan við bæinn, er brunnur. Greinilegar timburleifar voru við brunninn og búið að fergja hann með timbri og bárujárni. Óvíst er um hvenær hann var í notkun.

Skógar 153331-78-12

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Örnefni, Kvíar

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 549499,172 N: 581366,202

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Ekkert nafn er á brekkunni ofan túns, en það heitir Kvíaból upp af túni milli túns og hóla; þar var geitakofi” (ÖAG, 2).


Tóft liggur í hvammi rúma 270 m vestnorðvestur af íbúðarhúsinu.

Lýsing


Tóftin er hlaðin upp við brekku í norðanverðu bæjargilinu og myndar brekkan langhlið tóftar. Hún er algróin gróin, lyngi og grasi og hvergi sér í grjóti. Utanmál er 6x3,5 m, innanmál er 4x1,5, breidd veggja er um 1,10 m og hæð þeirra 40 sm. Tóftin snýr nálega austur/vestur.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.



Skógar 153331-78-13



Sérheiti: Geitakofi
Hlutverk: Geitakofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 549574,563 N: 581421,683
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði
Heimildamaður: Sigurður Indriðason og Svava Hermannsdóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Ekkert nafn er á brekkunni ofan túns, en það heitir Kvíaból upp af túni milli túns og hóla; þar var geitakofi” (ÖAG, 2). Á stalli í brekkunni ofan túns, um 180 m í vestnorðvestur frá íbúðarhúsi og um 90 m norðaustur af áður skráðum kvíum er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin grasi og sér hvergi í grjóthleðslur. Dyr snúa mót austri. Utanmál tóftar er 7,5x4,5 m. Breidd veggja er um 2 m og hæð þeirra 1,10 m. Tóftin snýr nálega norður/suður.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-14


Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A: 549607,154 N: 581379,561
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Á stalli í brekkunni ofan við bæinn, á norður-bakka bæjarlækjar, rúmlega 160 m suðvestur af bænum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður. Hún er 2x6 m að innanmáli og breidd veggja er mest um 2 m. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót. Dyr snúa mót suðri í átt að bæjargilinu.



Skógar 153331-78-15

Hlutverk: Mótaka
Tegund: Mógröf
Staðsetning: A: 549616,252 N: 581405,765

Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í brekkunni ofan við bæinn, rúmlega 140 m vestsuðvestur af honum er mógröf.

Lýsing

Ummál mógrafar er 4x9 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-16



2. mynd. Varða og steinaröð. Ljós. GZ.

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 549476,359

N: 581283,292

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna nálægðar við framkvæmdasvæði

Heimildamaður: Sigurður

Indriðason

Staðhættir

Við vettvangsskráningu fannst ferköntuð steinaröð og við hana varða á höfðanum milli Bæjargils og Selgils, um 330 m suðvestur af bænum. Óvíst er hvort um náttúrulega steinaröð er að ræða. Hlutverk hennar er óþekkt.

Lýsing

Steinaröðin er um 1x2 m að ummáli. Einföld röð steina, sem virðist vera raðað- í ferhyrning.

Heimildaskrá

Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Ritstj. Adolf Friðriksson. Reykjavík, Mál og menning.

Skógar 153331-78-17

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 549477,755 N: 581284,450

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Við vettvangsskráningu fannst ferköntuð steinaröð og við hana varða á höfðanum milli Bæjargils og Selgils, um 330 m suðvestur af bænum.

Lýsing

Varðan er um 1x1 m að ummáli, að mestu leyti hrunin.

Skógar 153331-78-18

Sérheiti: Skógarvörður?

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 549351,809

N: 581359,656

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Heimildamaður: Sigurður

Indriðason og Svava

Hermannsdóttir



Staðhættir

3. mynd. Stærsta varðan. Ljós. GZ.

Í örnefnaskrá segir: „Svo er tekið

sunnan frá. Ofanvert við brúnina eru Sellágar. Þar norður af er ein þeirra nefnd Rauðkumýri, stærst og yzt af lágnum. Þar er djúpur lækjarfarvegur, og þar eru á milli Stekkklágar. Selmýrar. Ná þær þar inn af inn hjá Skógavörðum” (ÖAG, 3). Á höfðanum ofan við bæinn, um 400 m vestur af honum er þrjár vörður. Athuga skal að óvíst er hvort um Skógarvörður sé að ræða, heimildamenn kannast ekki við örnefnið.

Lýsing

Af þremur vörðum er aðeins ein þeirra stæðileg og liggur hún vestast. Hún er um 1 m að hæð en hrunin að hluta.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-19



4. mynd. Vörðuhrúgald. Ljósm. GZ.

norður af er ein þeirra nefnd Rauðkumýri, stærst og yzt af lágunum. Þar er djúpur lækjarfarvegur, og þar eru á milli Stekklágar. Selmýrar. Ná þær þar inn af inn hjá Skógavörðum” (ÖAG, 3). Á höfðanum ofan við bæinn, um 400 m vestur af honum er þrjár vörður. Athuga skal að óvíst er hvort um Skógarvörður sé að ræða, heimildamenn kannast ekki við örnefnið.

Lýsing

Af þremur vörðum er aðeins ein þeirra stæðileg en hinar vart meira en hrúga af steinum. Um 20 m norðaustur af áður (153331-78-15) skráðri vörðu er önnur varða, hrúnin, um 70 sm að breidd.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Sérheiti: Skógarvörður?

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning:

A: 549360,714

N: 581376,970

Ástand: Lélegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Svo er tekið sunnan frá. Ofanvert við brúnina eru Sellágar. Þar

Skógar 153331-78-20

Sérheiti:

Skógarvörður?

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning:

A: 549381,852

N: 581351,605

Ástand: Lélegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök:

Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Svo er tekið sunnan frá. Ofanvert við brúnina eru Sellágar.



5. mynd. Vörðuhrúgald. Ljósm. GZ.

Þar norður af er ein þeirra nefnd Rauðkumýri, stærst og yzt af lágunum. Þar er djúpur lækjarfarvegur, og þar eru á milli Stekklágar. Selmýrar. Ná þær þar inn af inn hjá Skógavörðum” (ÖAG, 3). Á höfðanum ofan við bæinn, um 400 m vestur af honum er þrjár vörður. Athuga skal að óvíst er hvort um Skógarvörður sé að ræða, heimildamenn kannast ekki við örnefnið.

Lýsing

Af þremur vörðum er aðeins ein þeirra stæðileg en hinar vart meira en hrúga af steinum. Um 30 m austuðaustur af áður skráðri vörðu (153331-78-15) eru leifar þriðju vörðunnar einungis smá steinahrúga.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-21

Sérheiti: Rjóður

Hlutverk: Kolavinnsla

Tegund: Kolagröf

Staðsetning:

A: 549284,043

N: 581334,624

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nálægt við framkvæmdasvæði



6. mynd. Kolagröf skráð. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Nú tókum við aðra umferð og byrjum aftur að norðan. Þar er þá fyrst svonefnt Rjóður uppi á brekkunni; nú er þetta mýrarsund. Þar er mikið af kolagröfum, eins og víðar hér í heiðinni” (ÖAG, 2). Uppi á höfðanum ofan við bæinn eru kolagrafir, grónar og lyngi vaxnar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-22

Hlutverk: Leið

Tegund: Reiðgata

Staðsetning:

A: 549741,386

N: 581703,495

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði



7. mynd. Reiðgötur. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: Í bókinni Byggðir og bú Suður-Þingeyinga segir: „Bærinn stendur í Brekkurótum og var þjóðleið þar um tún” (BBSþ, 141).


Lýsing

Vestan girðingar sem liggur meðfram veginum eru reiðgötur sem liggja heim að túni en hverfa þar sem tún hefur verið sléttað.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-23



Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóftir

Staðsetning:

A: 549632,490

N: 581804,280

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð við framkvæmdasvæði

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Næsta lág sunnan við Lambhúsgilið er alldjúp og heitir Stekkjarlág. Hún er utan

og ofan við túnið” (ÖAG, 2).

Rúma 350 m norðnorðvestur af íbúðarhúsi á Skógum í lág uppi við brekku, er stekkjartóft. Hún er um 5 m norðaustur af rafmagnsstaur no. 329.

Lýsing

Tóftin er nokkuð fornleg, mjög jarðsokkin og lyngi gróin, en yngri tóft, líklega af kofa einhverskonar, liggur ofan á eystri hluta hennar (A:549629,549/N:581802,916). Sá hluti eldri tóftarinnar sem sýnilegur er, líklega lambakró stekkjarsins, er að innanmáli 3x3 m, með dyr til norðausturs. Ofan á vesturhluta eldri tóftarinnar liggur yngri tóftin,

2x2 m að innanmáli. Tóftin er opin til suðurs og er byggð ofan á suðvestur hluta eldri tóftarinnar. Báðar tóftirnar snúa norðvestur/ suðaustur. Vestan við er stór steinn og sunnan hans er smá svæði (549626,055/581798,541) um 1x2 m sem virðist vera afmarkað af vegg sem virðist vera frá sama tíma og eldri tóftin.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-24

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Sigurður Indriðason.

Staðhættir

Um það bil 50 m ofan við fjárhús og hesthús bæjarins (153331 78-4) reisti Jónas Geir Lúthersson fjárhús. Þau hafa fyrir löngu verið rifin og búið er að slétta yfir og þar komið tún.

Skógar 153331-78-25

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Óþekkt, hugsanlega fjárhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Sigurður Indriðason

Staðhættir

Í úttekt á Skógum frá 1892 segir: „Miðhús með garða og hlöðu” (Úttektabók Suður-Þingeyjarsýslu, 238). Ekki er getið um staðsetningu húsanna og þekkti heimildamaður ekki nafnið.

Heimildaskrá

Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-4.

Skógar 153331-78-26

Hlutverk: Sumarfjós

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Sigurður Indriðason

Staðhættir

Í úttekt á Skógum frá 1892 er getið um Sumarfjós en ekki er sagt frá staðsetningu þess. (Úttektabók Suður-Þingeyjarsýslu, 237). Ekki er getið um staðsetningu húsanna í úttektinni og þekkti heimildamaður hvorki örnefnið né legu þess.

Heimildaskrá

Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-4.

Samantekt

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram í ágúst 2006 og ber að taka fram að gróður var í hámarki og getur það haft áhrif á niðurstöður fornleifaskráningar sökum þess að erfitt getur verið að sjá og greina fornminjar við slíkar aðstæður.

Til athugunar voru minjar í námunda við fyrirhuguð framkvæmdasvæði, þ.e. vegna jarðgangna og auk þess meðfram fyrirhugaðri nýrri veglínu og vegna breikkunar á eldri vegi. Forsendur skráningar eru byggðar á gögnum frá Greiðri leið ehf. en hún lagði til kort af svæðinu. Þar sem að fjarlægðir frá framkvæmdasvæði eru gefnar (sjá 1. töflu) er miðað við útbrún framkvæmdasvæðis (skv. forsendum gagna frá Greiðri leið ehf.) nema annað sé tekið fram. Því ber að taka skráningunni með þeim fyrirvara að verði einhverjar breytingar á áætluðu framkvæmdasvæði þarf að endurskoða skráninguna með tilliti til breyttra forsendna.

Alls voru skráðar úr heimildum 35 minjar. Við vettvangsskráningu voru alls skráðar 21 fornleif, þar af voru 7 fornleifar horfnar en 2 þeirra eru með þekktri nákvæmri staðsetningu. Auk þeirra fornleifa sem skráðar voru á vettvangi fylgir viðauki með minjum utan framkvæmdasvæðis sem einungis hafa verið skráðar upp úr heimildum og upplýsingum frá heimildamönnum.

Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisáðgerðir

Sumar þeirra minja sem liggja í nágrenni við eða í jaðri framkvæmdasvæða þyrfti að merkja á áberandi hátt til að komast hjá því að þær verði fyrir skemmdum vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla. Nokkrar minjanna eru hins vegar innan framkvæmdasvæðis eða mjög nálægt því og koma til með að vera í beinni hættu vegna framkvæmdanna. Allar framkvæmdir sem kunna að valda skaða á minjum ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001.

Helstu mótvægisáðgerðir eru:

- Að hnika til framkvæmdasvæði þar sem það er mögulegt eða fýsilegt með tilliti til kostnaðarauka.
- Heildaruppgröftur og/eða uppmæling fornleifa.
- Könnunarskurður og nákvæm uppmæling til að kanna aldur og gerð minjanna sem svo yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar.
- Minjar fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar án frekari fornleifarannsókna.
- Framkvæmdaefirlit þar sem fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum á viðkvæmum svæðum þar sem fornleifar kunna að vera í hættu.

Hér á eftir fylgja tillögur að mótvægisáðgerðum fyrir einstakar minjar á eða við áætluð framkvæmdasvæði. Hafa ber í huga að hér er einungis um tillögur að ræða. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar til hvaða aðgerða verður gripið til verndar minjum og einnig hvaða skilyrðum leyfi til að hylja eða fjarlægja minjar eru háð.

1. tafla. Minjar sem skráðar voru á vettvangi 2006. Minjar merktar með gulu eru í veglínu eða innan 20 m frá framkvæmdasvæði. Minjar merktar með gráu eru í 20-50 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis. Minjar merktar grænu í 50-100 m fjarlægð og minjar merktar bláu eru í yfir 100 m fjarlægð.

Númer	Hlutverk	Ástand	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði
153331-78-1	Núverandi bæjarstæði	Gott	120 m
153331-78-2	Bæjarhóll?	Slæmt	37 m
153331-78-3	Fjós	Horfið	134 m
153331-78-4	Fjánhús	Horfið	100 m
153331-78-5	Fjánhús	Gott	Er innan framkvæmdasvæðis
153331-78-6	Heimreið	Horfið	Óþekkt
153331-78-7	Útihús	Sæmilegt	137 m
153331-78-8	Túngarður	Sæmilegt	100 m
153331-78-9	Óþekkt	Gott	32 m
153331-78-10	Óþekkt	Horfið	15 m
153331-78-11	Brunnur	Gott	61 m
153331-78-12	Kvíar	Gott	47 m
153331-78-13	Geitakofi	Gott	17 m
153331-78-14	Útihús	Gott	70 m
153331-78-15	Mógröf	Gott	63 m
153331-78-16	Óþekkt	Gott	135 m
153331-78-17	Varða	Sæmilegt	132 m
153331-78-18	Varða	Gott	160 m
153331-78-19	Varða	Lélegt	144 m
153331-78-20	Varða	Lélegt	139 m
153331-78-21	Kolagröf	Gott	231 m
153331-78-22	Reiðgata	Sæmilegt	30 m
153331-78-23	Stekkur	Gott	19 m
153331-78-24	Fjánhús	Horfið	Óþekkt
153331-78-25	Útihús	Horfið	Óþekkt
153331-78-26	Fjós	Horfið	Óþekkt

Hér eftir fylgir umfjöllun um þær fornleifar sem lenda innan við 100 m frá framkvæmdasvæði:

- **Skógar 153331 78-2** Líkleg staðsetning eldri bæjarhóls, en nákvæm lega er ekki kunn. Bæjarhóllinn er í um 37 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis. Gamli bærinn mun hafa brunnið 1908 og var hann þá fluttur á núverandi bæjarstæði. Lítil ummerki sjást um hólinn á yfirborði, en þar má vænta óhreyfðra mannvistarleifa í jörðu.
- **Mótvaegisaðgerðir:** Girða þyrfti svæðið af eða merkja með öðrum áberandi hætti til að forða því frá skemmdum vegna veglagningar eða umferðar um

svæðið. Ef hreyfa á við jarðvegi í eða við hólinn er rétt að það sé gert undir eftirliti fornleifafræðings eða að undangenginni fornleifakönnun. Leita þarf álits Fornleifaverndar ríkisins sé sýnt að til jarðrasks muni koma.

- **Skógar 153331 78-5 Fjárhústóft** er innan framkvæmdasvæðis. Fjárhústóftin sem nú stendur á staðnum er frá 20. öld en vera kann að leifar eldri bygginga sé að finna undir tóftinni þar sem að þarna eru sýndar tóftir á túnakorti frá 1918.

Mótvægisáðgerðir: Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til þess að fjarlægja tóftina.

- **Skógar 153331 78-9 Tóft**, óþekkt hlutverk. Tóftin er í um 32ja m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Aldur hennar er óviss.

Mótvægisáðgerðir: Vegna nálægðar við framkvæmdasvæði teljast tóftirnar vera í nokkurri hættu og því þarf að girða þær af eða merkja með öðrum hætti svo ekki hljóti þær skaða af framkvæmdum eða umferð um svæðið. Ef sýnt þykir að tóftirnar verði fyrir skaða af framkvæmdunum þarf að sækja leyfi til Fornleifaverndar ríkisins um að fjarlægja eða hylja tóftirnar. Fornleifavernd ríkisins sem ákveður frekari mótvægisáðgerðir.

- **Skógar 153331 78-11 Brunnur** er í um 61 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis. Óvíst er hvenær hann var tekinn í notkun.

Mótvægisáðgerðir: Brunninum er talin stafa lítil hættu af framkvæmdunum.

- **Skógar 153331 78-12 Tóftir** kvía eru í um 47 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis.

Mótvægisáðgerðir: Vegna nálægðar við framkvæmdasvæði teljast tóftirnar vera í nokkurri hættu og því þarf að girða þær af eða merkja með öðrum hætti svo ekki hljóti þær skaða af framkvæmdum eða umferð um svæðið. Ef sýnt þykir að tóftirnar verði fyrir skaða af framkvæmdunum þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja tóftirnar. Fornleifavernd ríkisins sem ákveður frekari mótvægisáðgerðir.

- **Skógar 153331 78-13 Tóft**, kölluð Geitakofi er í um 17 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis.

Mótvægisáðgerðir: Vegna nálægðar við framkvæmdasvæði teljast tóftirnar í mikilli hættu og því þarf að girða þær af eða merkja með öðrum áberandi hætti svo ekki hljóti þær skaða af framkvæmdum eða umferð um svæðið. Ef sýnt þykir að tóftirnar muni verða fyrir áhrifum vegna nálægðar við framkvæmdasvæði, þarf að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um áframhaldandi framkvæmdir.

- **Skógar 153331 78-14 Tóftir** húsa, líklega einhverskonar útihúsa eru í um 70 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis.

Mótvægisáðgerðir: Tóftunum er ekki talin stafa mikil hættu vegna framkvæmda en rétt er að girða þær af eða merkja með öðrum hætti svo ekki hljóti þær skaða af framkvæmdum eða umferð um svæðið.

- **Skógar 153331 78-15 Mógröfin** er í um 63 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis.

Mótvægisáðgerðir: Mógröfunum er talin stafa lítil hættu vegna framkvæmda.

- **Skógar 153331 78-22** Reiðgata liggur frá norðri til suðurs meðfram áætluðu framkvæmdasvæði í um 30 m fjarlægð og mun hluti hennar hverfa við framkvæmdirnar.

Mótvægisáðgerðir: Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarlægja götuna.

- **Skógar 153331 78-23** Stekkjartóft er í um 19 m fjarlægð frá útbrún áhrifasvæðis vegaframkvæmda og rúma 50 m frá miðlínu vegar.

Mótvægisáðgerðir: Vegna nálægðar við framkvæmdasvæði teljast tóftirnar vera í mikilli hættu og því þarf að girða þær af eða merkja með öðrum áberandi hætti svo ekki hljóti þær skaða af framkvæmdum eða umferð um svæðið. Ef sýnt þykir að tóftirnar muni verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna, þarf að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um það til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið

Niðurlag

Niðurstöður vettvangsrannsóknar sýna að ein tóft mun lenda innan framkvæmdasvæðis og ber að áréttu að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar Ríkisins til þess að fjarlægja hana. Innan 20 m frá útbrún framkvæmdasvæðis eins og það er sýnt á korti eru 3 minjar og innan 20-50 m frá útbrún framkvæmdasvæðis eru 4 minjar, þar af bæjarstæði gamla Skógarbæjarins. Í 50-100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði eru 3 minjar.

Að öllu jöfnu minnkar sú hættu sem fornleifum stafar að framkvæmdum þegar fjær dregur framkvæmdasvæði, en hafa ber í huga að umferð stórvirkra vinnuvéla og tímabundnar framkvæmdir s.s. hjáleiðir, staðsetning vinnubúða og slíkt getur einnig haft áhrif á minjar í nálægð við og utan framkvæmdasvæðis. Þar geta góðar merkingar dregið úr þeirri hættu sem minjum stafar af framkvæmdum.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir (skammstafanir heimilda í texta eru innan sviga)

Diplomatarium Islandicum: Íslenzkt fornbréfasafn V, 1330-1476. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902. **(DI V)**

Diplomatarium Islandicum: Íslenzkt fornbréfasafn XIII, 1556-1561. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1933-1939. **(DI XIII)**

Heimasíða Fasteignamats ríkisins.

<http://fasteignamat.is/?pageid=313&function=fasteign&MIval=uppflFast&fastnum=0&heinum=1063927>. Skoðað 22.11.2006.

Helgi Jónasson ofl. (1986). *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985.* Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu. **(BBSÞ)**

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn. **(JJ)**

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (11. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1943. **(JÁM)**

Jón Kr. Kristjánsson (1982). *Áin niðar: vöð og ferjur yfir Fnjóská.* Í Árbók Þingeyinga, bls. 131-151. **(JKK)**

Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* Ritstj. Adolf Friðriksson. Reykjavík, Mál og menning. **(KH)**

Óprentaðar heimildir

Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2.

Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-4.

Túnakort Skóga í Hálshreppi (1918). Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands. **(ÖAG)**

Viðauki 1

Minjar skráðar upp úr heimildum sem ekki voru skoðaðar á vettvangi 2006.

Skógar 153331-78-27

Sérheiti: Lambhúsgil

Hlutverk: Örnefni, Lambhús

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bræðragil er á merkjum móti Nesi; [...] Næsta gil heitir Lambhúsgil; það er næst norðan við Melana, sem eru niður við ána og vegurinn niður að Fnjóskárbrú liggur eftir” (ÖAG, 1).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-28

Sérheiti: Skógarbreiða

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bæjargil rennur um túnið. [...] Þarna rétt utan við, þar sem Bæjargilið kemur í Fnjóská, er vað á ánni, sem heitir Skógabreiða.” (ÖAG, 1). Í Áin niðar segir: „Skógabreiða og Skógaferja voru sunnarlega fyrir Skóganesi undirlendisræmu við Fnjóská út og niður frá Skógabæ, sem þá stóð nokkru ofar í túni en nú. Þar var lögferja, hin eina í dalnum. Má enn greina skásneiðinga upp brattan malarbakkann austan árinna bæði frá ferjustað og vaði. Hinn ruddi vegur innan frá “Vöðlum” og “Leiru” Eyjafjarðar, um Bröttubrekku og Geldingarárskarð, var ekki lagður fyrr en á árunum 1882-1890, ferjaá Skógabreiðu hefur trúlega verið komin þar allöngu fyrr.” (JKK, 143-144).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Kr. Kristjánsson (1982). *Áin niðar: vöð og ferjur yfir Fnjóská*. Í Árbók Þingeyinga, bls. 131-151.

Skógar 153331-78-29

Sérheiti: Merkjagróf

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Selgilið er nokkuð utan við túnið, utan við háa hólinn. Þar suður af Selgili er allstórt svæði, sem heitir Skógasandur. Neðan hans upp frá ánni er grasbrekka, sem heitir Skjólbrekka. Hún nær suður að Merkjagróf, sem er niður við á, á merkjum móti Hróastöðum. Merkjagrófin ræður neðan frá á upp fyrir svonefndar Efrigötur, þaðan sem hún skiptist í tvo arma í dý, sem heitir Saurkelda, svo í ytri barm á Ytra-Selgilsdraginu eða í röðulinn á milli draganna” (ÖAG, 1-2).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-30

Sérheiti: Efrigötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Merkjagrófin ræður neðan frá á upp fyrir svonefndar Efrigötur, þaðan sem hún skiptist í tvo arma í dý, sem heitir Saurkelda, svo í ytri barm á Ytra-Selgilsdraginu eða í röðulinn á milli draganna” (ÖAG, 2).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-31

Sérheiti: Selgil

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Selgilið er nokkuð utan við túnið, utan við háa hólinn” og síðar “Sunnan við Hundamó og út að Selgili. Frá Selgili er hærra upp höfði, sem heitir Jónshöfði. Þar átti Svalbarðskirkja skógarpart 1712. Þetta er stærsti höfðinn og sá, sem nær lengst niður. Rétt ofan við Jónshöfða, sunnan í Selgili, er Stekkur. Þar eru einnig tættur eftir Sel” (ÖAG, 1-3).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-32

Sérheiti: Selgil

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Selgilið er nokkuð utan við túnið, utan við háa hólinn” og síðar “Sunnan við Hundamó og út að Selgili. Frá Selgili er hærra upp höfði, sem heitir Jónshöfði. Þar átti Svalbarðskirkja skógarpart 1712. Þetta er stærsti höfðinn og sá, sem nær lengst niður. Rétt ofan við Jónshöfða, sunnan í Selgili, er Stekkur. Þar eru einnig tættur eftir Sel”(ÖAG, 1-3).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skóga. Ari Gíslason skráði eftir Sigurði Helgasyni og Þorsteini Indriðasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skógar 153331-78-33

Hlutverk: Reykkofi

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Svava Hermannsdóttir og Sigurður Indriðason

Staðhættir

Samkvæmt heimildamönnum stóð reykkofti sunnan lækjar þess sem rennur sunnan við bæinn. Reykkofinn brann eitt sinn er verið var að reykja síld en hann síðar endurbyggður á sama stað.

Skógar 153331-78-34

Hlutverk: Vörður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í landamerkjaskrá segir: „Að norðan, þar sem Nesland tekur við, ræður Bræðragil frá Fnjóská upp á Ása og þaðan eftir Bræðragilslæk upp á brún, þaðan beina stefnu í næsta læk beint út undan þremur steinum framan í miðbrún og þaðan beint vestur í vörðulínu, er ræður merkjum á heiðinni.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 152 fyrir Skóga í Hálshreppi. Undirrituð 16. júní 1884. Lesið á manntalsþingi að Hálsi 11. júní 1887

Skógar 153331-78-35

Sérheiti: Jónshöfði

Hlutverk: Gröf

Tegund: Kuml

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Kumli og haugfé segir: „Árið 1891 fékk safnið forn járnmeil með svofelldri greinargerð: “Sumarið 1888 fundust norður í Fnjóskadal fornleg *kjaftamél*. Bóndinn Einar í Skógum fann þau í höfða nokkrum skammt frá bænum, sem heitir Jónshöfði, og hefur ýmislegt fundist þar áður, svo sem afar stórt *brýni*, *mannabein*, *hesta-* og *hundabein*, og svo ýmislegt af *járnarusli* og einhver hlutur nýtilegur, sem ég ekki man

hvað var, en sem þó mun hafa verið hirtur; beinin mun víst enginn hafa tekið” (KH, 191).


Heimildaskrá

Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Ritstj. Adolf Friðriksson. Reykjavík, Mál og menning.

Skógar	Númer	Hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði
	153331-78-1	Bæjahóll	Gott	549769,296	581468,263	120 m
	153331-78-2	Bæjarhóll?	Slæmt	549646,015	581468,028	37 m
	153331-78-3	Fjós	Horfið	549765,021	581457,644	134 m
	153331-78-4	Fjárhús	Horfið	549707,844	581472,024	100 m
	153331-78-5	Fjárhús	Gott	549602,608	581549,365	3 m (er í veglínu)
	153331-78-6	Heimreið	Horfið	Horfin		
	153331-78-7	Útihús	Sæmilegt	549693,171	581376,862	137 m
	153331-78-8	Garður	Sæmilegt	549648,751	581389,98	100 m
	153331-78-9	Óþekkt	Gott	549617,565	581454,301	32 m
	153331-78-10	Óþekkt	Horfið	549597,348	581456,669	15 m
	153331-78-11	Brunnur	Gott	549635,408	581437,495	61 m
	153331-78-12	Kvíar	Gott	549499,172	581366,202	47 m
	153331-78-13	Geitakofi	Gott	549574,563	581421,683	17 m
	153331-78-14	Útihús	Gott	549607,154	581379,561	70 m
	153331-78-15	Mógröf	Gott	549616,252	581405,765	63 m
	153331-78-16	Óþekkt	Gott	549476,359	581283,292	135 m
	153331-78-17	Varða	Sæmilegt	549477,755	581284,45	132 m
	153331-78-18	Varða	Gott	549351,809	581359,656	160 m
	153331-78-19	Varða	Lélegt	549360,714	581376,97	144 m
	153331-78-20	Varða	Lélegt	549381,852	581351,605	139 m
	153331-78-21	Kolagröf	Gott	549284,043	581334,624	231 m
	153331-78-22	Reiðgata	Sæmilegt	549741,386	581703,495	30 m
	153331-78-23	Stekkur	Gott	549632,49	581804,28	19 m
	153331-78-24	Fjárhús	Horfið	Staðsetning óþekkt		
	153331-78-25	Útihús, fjárhús	Horfið	Staðsetning óþekkt		
	153331-78-26	Fjós	Horfið	Staðsetning óþekkt		

153331-78-27	Örnefni, Lambhús		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-28	Vað		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-29	Landamerki		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-30	Leið		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-31	Stekkur		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-32	Sel		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-33	Reykkofi		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-34	Vörður		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	
153331-78-35	Kuml		Óskráð, utan framkvæmdasvæðis	

Yfirlitsmynd af minjum í landi Skóga




0 50 100 150 200 m

Kort: Bryndís Zoëga
Birt með góðfúslegu leyfi Greiðrar leiðar ehf.

- Minjar
- Reiðgata
- Túngarður

Tóftir í og við tún



Minjar norðan túns



153331 78-23

Reiðgata

153331 78-22



0 10 20 30 40 50
m

Kort: Bryndís Zoëga
Birt með góðfúslegu leyfi Greiðrar leiðar ehf.


Stekkur

- Eldri tóftir
- Yngri tóft


Annað

- Gata

Uppdráttur af túni á Skógum í Hálshreppi í S-Þingeyjarsýslu



Túnstærð 3,5 ha
Slétt af túni 1/2
Sáðreitir metrar
Bæjarhús ■
Úthýsi ■
Vegir ==



Mælt og teiknað af
Kristjáni Jónssyni, Nesi.

Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga:

1 Villinganesvirkjun – Mat á umhverfisáhrifum.

Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfringsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.

2 Hof í Hjaltadal – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.

3 Hólar í Hjaltadal – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.

4 Steinsstaðir í Tungusveit – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.

5 Grafarós og Hofsó – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.

6 Víðimelur í Skagafirði – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.

7 Reykjarhóll í Skagafirði. Fornleifaskráning vegna frístundabygðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.

8 Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Mástaða og Hjallalands í Vatnsdal. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.

9 Fornleifaskráning á Hveravöllum vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.

10 Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.

11 Glaumbær. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.

12 Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.

13 Höfði á Höfðaströnd. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

14 Hátún og Mikligarður. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

15 Syðra-Skórðugil. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

16 Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað. Guðný Zoëga júlí 2003.

17 Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.

18 Kirkjugarður í Keldudal Hegræsi. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.

19 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlöð.

Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.

20 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Faskrúðsfirði. Guðný Zoëga október 2003.

21 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.

22 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

23 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

24 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

25 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Bremnigerði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

26 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

27 Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

28 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.

29 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.

30 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum. Guðný Zoëga, mars 2004.

31 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.

32 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.

33 Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræsi. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.

34 Hallormsstaður og nágrenni. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.

35 Hálsorp í Djúpavogshreppi. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.

36 Neðri-Ás í Hjaltadal. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

37 Vopnafjörður. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

38 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skórðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

39 Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.

40 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.

41 Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.

42 Sauðá í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.

43 Steinsstaðir í Hafnarfirði/Hamarsbraut 17. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.

44 Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.

45 Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræsi. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.

46 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi. Guðný Zoëga, október 2005.

47 Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.

48 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.

49. Fornleifaskrá Reynistaðar. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.

50. Fornleifaskrá Þingeyra. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.

51. Fornleifaskráning á Langholti II. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson Guðný Zoëga, apríl 2006.

52. Greining mannabeina af Vestdalsheiði. Guðný Zoëga, ágúst 2006.

53. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir, september 2006.

54. Fornleifakönnun á Grenjaðarstað í Aðaldal. Guðný Zoëga, september 2006.

55. Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði. Áfangaskýrsla. Guðný Zoëga, september 2006.

56. Who were the people of Keldudalur? A status report on aDNA studies on skeletons from Keldudalur. Margrét Ásta Kristinsdóttir og Jørgen Dissing, september 2006.

57. Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði. Áfangaskýrsla. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.

58. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum jarðgangnagerðar í Skógum, Fnjóskadal. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, desember 2006.

59. Fornleifakönnun á Hvanneyri, Siglufirði. Guðný Zoëga, desember 2006.